

Hreppsnefnd Akrahrepps: Fundargerð 4. mars 2020

19. fundur 2018 – 2022

Fundarstaður: Silfrastaðir og hófst fundur klukkan 12.30

Mætt: Drífa Árnadóttir, Eypór Einarsson, Þorkell Gíslason, Lára Gunnðís Magnúsdóttir og Hrefna Jóhannesdóttir. Agnar H. Gunnarsson formaður fjallskilanevndar og Stefán Ingi Gestsson mættu undir lið 5.

Dagskrá:

1. Fjárhagsleg málefni

- a. Héðinsminni framkvæmdaáætlun

Hreppsnefnd vísar erindinu til húsnefndar og óskar eftir tillögu að framkvæmda- og fjárhagsáætlun varðandi viðhald á Héðinsminni.

2. Fundargerðir lagðar fram til kynningar

- a. Fundargerð 52. fundar stjórnar SSNV 4. febrúar 2020
- b. Fundargerð 878. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga
- c. Fundargerð stjórnar Markaðsstofu Norðurlands 5. febrúar 2020

3. Skólamannvirki í Varmahlíð

Skipun verkefnastjórnar um uppbyggingu skólamannvirkja í Varmahlíð.

Byggðaráð Sveitarfélagsins Skagafjarðar leggur til við sveitarstjórnir Svf. Skagafjarðar og Akrahrepps að í verkefnastjórn sitji skólastjóri Leikskólans Birkilundar, skólastjóri Varmahlíðarskóla, skólastjóri Tónlistarskóla Skagafjarðar, fræðslustjóri, sviðsstjóri veitu- og framkvæmdasviðs og framkvæmdastjórnar sveitarfélaganna.

Hreppsnefnd Akrahrepps samþykkir framlagða tillögu að skipun verkefnastjórnar. Hreppsnefnd Akrahrepps hvetur til þess að verkefnastjórnin taki til starfa sem fyrst.

4. Erindi og umsagnir

- a. Stefna og framkvæmdaáætlun Akrahrepps og Sveitarfélagsins Skagafjarðar í barnaverndarmálum 2018-2022. Lögð fram drög að stefnu og framkvæmdaáætlun frá Barnaverndarnefnd Skagafjarðar og óskað eftir staðfestingu svf. Akrahrepps.

Hreppsnefnd Akrahrepps staðfestir stefnu og framkvæmdaáætlun Akrahrepps og Sveitarfélagsins Skagafjarðar í barnaverndarmálum 2018-2022.

- b. Umsögn stjórnar Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra (SSNV) um drög að frumvarpi til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum og lögum um tekjustofna sveitarfélaga lögð fram til kynningar.
- c. Erindi frá sameiningarnefnd sveitarfélaganna í A-Húnavatnssýslu þar sem óskað er eftir því að sveitarstjórn Akrahrepps taki afstöðu til þess hvort þau hafi áhgu á

þátttöku í sameiningarviðræðum með svf. í A-Hún. Einnig sent til Húnaþings vestra og Svf. Skagafjarðar.

Hreppsnefnd Akrahrepps frestar afgreiðslu til næsta fundar.

- d. Erindi frá Presti Friðfinssyni, Grýtubakkahreppi, varðandi viðbrögð minni sveitarfélaga vegna frumvarps sem lagt er fram til að ná markmiðum nýsamþykkrar þingsályktunar um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga.

Hreppsnefnd Akrahrepps vísar til fyrri bókunar frá 29. ágúst sl.

- e. Samgöngumál – Öxnadalsheiði

Hreppsnefnd Akrahrepps styður heilshugar hugmyndir Vegagerðarinnar um göng undir Öxnadalsheiði sem raunhæfan valkost til þess að bæta samgöngur milli Eyjafjarðar og Skagafjarðar.

Hreppsnefnd Akrahrepps styður einnig veltengingu milli Kjálka og Tungusveitar og telur að slík tenging yrði lyftistöng fyrir framsveitir Skagafjarðar.

- f. Kvennakórinn Sóldísir – styrkumsókn

Ákveðið að styrkja kórinn um 100.000 kr.

5. Fjallskilamál

Fjallskilanefnd boðuð til fundar kl. 14 til þess að ræða fjallskilamál og framkvæmdir 2020.

Fjallskilanefnd kynnti hugmyndir að viðhaldi á Silfrastaðarétt. Þessar hugmyndir verða kynntar á fundi félags sauðfjárbænda í Akrahreppi og verður opnað fyrir umræður um tillöguna.

6. Önnur mál

Hér undir skýrsla oddvita

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 16.53.

Næsti fundur ákveðinn föstudaginn 3. apríl kl. 13 í Héðinsminni.